



**Setningarávarp forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á hátíðinni Nordischer Klang
Greifswald
2. maí 2003**

Varaforsætisráðherra Mecklenburg-Vorpommern, borgarstjóri
Greifswald, rektor, stjórnendur Nordischer Klang,
ágætu listamenn,
góðir gestir

Enn á ný er boðið til glæsilegrar menningarveislu hér í Greifswald, hátíðar sem mun vera ein víðamesta norræna menningarhátíð sem efnt er til utan Norðurlanda. Og það er vel við hæfi að í Greifswald skuli styrkt og efld hin aldalöngu tengsl milli Norðurlanda og Þýskalands og við minnt á þá sterku strengi sem flétta saman sögu og arfleifð, tungu og menningu.

Svo lengi sem heimildir muna sögu Norðurlanda hafa samskipti við Þýskaland skipt miklu; upphaf kristni og þróun kirkju, siðaskipti og mótun trúarlegrar menningar, handverk og listir, verslun og viðskipti; á öllum sviðum eru ríkuleg einkenni gagnkvæmra áhrifa. Þýsk skáld og heimspekingar sóttu sér fyrirmyndir og innblástur í norrænar sögur og fornan kveðskap. Þýsk tónlist, ritlist, heimspeki og vísindaleg hugsun hafa markað djúp spor í menningu og þjóðlíf á Norðurlöndum.

Þjóðverjar eru sú þjóð utan Norðurlanda sem best hefur sinnt rannsóknum á fornum norrænum menningararfi; hér voru gefnar út vandaðar útgáfur á Íslendingasögum, konungasögum, eddukvæðum og fornaldarsögum. Þýskir fræðimenn voru brautryðjendur í söfnun þjóðfræðafnis á Íslandi og í Leipzig var prentað fyrsta íslenska þjóðsagnasafnið, Þjóðsögur Jóns Árnasonar í tveimur bindum árin 1862-64.

Við Íslendingar eigum Þjóðverjum skuld að gjalda í því efni og öðrum. Íslensk kirkja rekur ættir til Þýskalands og þau tengsl urðu enn

sterkari við móttun nýrrar trúarhefðar, bókmennta og tónlistar, í kjölfar siðskipta. Hansakaupmenn voru á erfiðum tíma í sögu þjóðarinnar líflína í verslun okkar við umheiminn og þeir byggðu reyndar einnig fyrstu lúthersku kirkjuna í Hafnarfirði á Íslandi á fyrri hluta 16. aldar.

Þegar Íslendingar voru að stíga fyrstu skrefin í baráttu til sjálfstæðis á fyrri hluta nítjándu aldar sóttu forystumenn hugmyndir og hvatningu í skrif þýskra heimspekinga og ekki síður í þýskan skáldskap. Frumherjar í íslensku tónlistarlífi á fyrri hluta 20. aldar, Jón Leifs tónskáld, Páll Ísólffsson organisti, Árni Kristjánsson píanóleikari og fleiri, sóttu menntun sína til Þýskalands. Hér voru höfuðskáld okkar Gunnar Gunnarsson og Halldór Laxness hagvön og áttu mikil samskipti við þýska rithöfunda og forystufólk í menningarlífi. Íslenskir stúdentar sóttu þekkingu og þjálfun til þýskra háskóla og urðu heimkomnir brautryðjendur í framförum lands og lýðs. Og enn sækja íslenskir námsmenn menntun sína í ríkum mæli til Þýskalands og svo verður vonandi um langan aldur.

Við upphaf nýrrar aldar erum við enn minnt á það hve gagnkvæm kynni þjóða, menningarleg samskipti, víðsýni, umburðarlyndi og skilningur eru mikilvæg í veröldinni. Það er í þeim anda sem ungt listafólk og brúun landamæra eru mikilvæg stef í þeirri miklu menningarveislu sem boðið verður til hér í Greifswald næstu tíu dagana. Hér verða viðburðir af öllu tagi: glæsilegur þverskurður af fjölbreytilegri menningu af norðurslóð; myndlist og ljósmyndir, nýjar kvikmyndir, tónlist, fræði og vísindi; nýjar norrænar bókmenntir og frumuppfærsla í þýskum búningi á hinu merka leikriti Hafinu eftir eitt virtasta leikskáld okkar Íslendinga, Ólaf Hauk Símonarson, en það verk hefur orðið tilefni til mikilla umræðna á Íslandi og nýlegrar kvikmyndar eftir Baltasar Kormák, en sú mynd verður á þessu ári sýnd víða um lönd. Það er einnig ánægjulegt að á þessari hátíð skuli lögð sérstök rækt við menningu barna og unglunga og sýnir það góðan skilning á hinu mikilvæga uppeldishlutverki sem menningin gegnir þegar hún er fjölbreytt og sérstök en ekki stöðluð og fjöldaframleidd.

Háskólinn í Greifswald á þakkir skildar fyrir frumkvæði og stuðning við menningarhátíðina Nordischer Klang og þá ræktarsemi sem hann hefur löngum sýnt menningu og tungu Norðurlanda. Ég hef á liðnum árum lagt á það áherslu í ræðu og riti að þjóðirnar í norðanverðri Evrópu þurfi að taka höndum saman. Umsköpun Evrópu í kjölfar loka kalda stríðsins og breytt heimsmynd hafa gefið norðrinu nýtt gildi og þar þurfa Norðurlönd og norðursvæði Þýskalands að láta til sín taka. Á þeim vettvangi getur Háskólinn í Greifswald orðið áhrifaríkur aflvaki, vettvangur samræðna og rannsókna, tengiliður við menntastofnanir allt

frá Rússlandi í austri um Eystrasaltslönd og Norðurlönd til Bandaríkjanna og Kanada í vestri.

Fyrir hönd Norðurlandþjóðanna fimm, þakka ég öllum þeim sem lagt hafa hönd að verki við undirbúning þessarar glæsilegu menningarhátíðar hér í Greifswald og óska okkur öllum ánægjulegra menningardaga.